Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Lög Íþöku 1888

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Lög Íþöku 1888 – Lög fyrir Blótbindindisfélag fyrsta bekkjar, 1895-1896 – Sjóferð með Reykjavíkinni, nafnalisti 1898 – Stúdentar 25 ára gildi, kvæði 1926

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-8, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Stúdentar 1926. (25 ára gildi)
Þetta kvæði er eftir Guðmund
Einarsson prest á Þingvöllum

Lag: Hvað er svo glatt...

Á æskuvori ungir saman dvöldum
og uppgötvuðum fögur gleðilönd,
því alt hið hulda framtíðinnar földum
í föður alda mildu kærleikshönd.
Vér sáum aðeins sólglit dagsins liðna
og sömu dýrðar væntum næsta dag,
hvert skuggajel og froshagl fljótt nam þiðna,
alt færði vonarsólin slíkt í lag.

Og árin liðu, aldarfjórðung heilan,
unz aftur gleðjumst saman vér í dag.
Vér finnum nú hvar vona liggur veilan,
oss vantar þrjá í okkar bræðralag,
- sem horfnir eru heim í sólarsali -,
en sorg það vekur oss og daprar leið.
- Það fellur stundum skúra skuggi um dali
þótt skíni sólin annars björt og heið.

En látum andann fljúga hærra og hærra
þá hverfa allir skuggar fyrir sól.
Já, gleðjumst bræður, minnumst stunda mærra,
sem merktu forna leið um jarðarból.
Og felum ennþá föður alda ráðin
hann finnur góðar leiðir handa oss,
hans aldrei þrýtur umhyggja og náðin.
Hann öllum veiti' oss lífsins dýrsta hnoss.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir piltar, sem eru samþykkir uppástungu rectors um að fara sjóferð með „Reykjavíkinni", riti nöfn sín hjer undir. —

26/3. 98

H. Björnsson. Ben. Sveinsson. Jóhann Sigurjónsson. Björn Lindal

Sturla Guðmundsson. Þórður Sveinsson. Sigurður Sigurðsson.

Lárus Thorarensen Böðvar Kristjánsson Jón Jónsson

Böðvar Jónsson Jakob Möller. Magnús Sigurðsson. Jón Ófeigsson

Gunnl. Claessen Lárus Halldórsson Halldór Jónasson

Sigr. Stefánsson Jón Magnússon Pjetur Bogason Júlíus Stefánsson

Lárus Sigurjónsson Þ. Bjarnason. Hans Guðmundsson

Ásgeir Þorsteinsson. Sigurður Guðmundsson. Sigurjón Markússon

Hreggviður Þorsteinsson Guðm. Guðmundsson (eldri) Guðm. Guðmundsson

Guðm. Bjarnason Gísli Sveinsson. J. G. Möller Pálsson

Sigurður Guðmundsson Þorst. J. Jóhannsson Bogi Brynjólfsson

Stefán Sveinsson. Kristinn Björnsson. Chr. Thejll

Georg Ólafsson Sigurður Sigurðsson. Þorst. Þ. [illegible] Páll Sveinsson

Jón Brandsson. Jón Jóhannessen Stefán Stefánsson stud. art.

[illegible] Halldór Gíslason Adolph Wendel

Páll Egilsson Skúli Bogason Sig. Guðmundsson Páll Jónsson

Lárus Fjeldsted. Guðm. Hannesson

Haraldur Sigurðsson. Jóhann Briem [illegible]

Jakob Havsteen Geir G. Zoëga Guðmundur Grímsson

Sigurm. Sigurðsson J. Kolbeinsson Hinrik Sigurður Kristjánsson stud. art.

66.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Lög

fyrir Blótsbindindisfjelag fyrsta bekkjar 1895-96.

1. grein.

Fjelagið heitir Blótbindindisfjelag 1. bekkjar.

2. grein.

Tilgangur fjelagsins er, að venja fjelagsmenn af, að viðhafa blótsyrði í daglegu tali.

3. grein.

Embættismenn fjelagsins eru, forseti, skrifari og gjaldkeri og skulu þeir kosnir til ½ þriggja mánaða í senn.

4. grein.

~~Æ~~ Ætlunarverk forseta er, að sjá um að lögum fjelagsins ~~st~~ sje hlítt og stjórna fundum. Ætlunarverk skrifara er að skrifa fundargjörðir. Gjaldkeri skal innheimta sektir þær, er fjelagsmenn kunna að verða dæmdir í og hafa á hendi alla fjegæzlu fjelagsins

5. grein.

Fundur skal haldinn einusinni í hverri viku og skal þá rætt um öll málefni fjelagsins. Á ~~fun~~ hverjum fundi skal og færa inn í bók þá, er til þess er ætluð, öll brot fjelagsmanna og skal forseti

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjá um ad þad sje ~~tig~~ ekki gjört nema því adeins ad nógar sannanir komi fram eda ad hlutadeigandi játi sjálfur brot sitt.

6. grein.

Fyrir hvert brot skal greida 1 eyrir og sektir allar greiddar gjaldkera fyrir lok hvers mánadar.

7. grein.

Fjelagsárid er frá 1. oktober til maimánadar loka og skulu vid enda hvers fjelags-árs gjaldkerar þeir, er verid hafa á fjelagsárinu, greida sektir þær er á hafa fallid í fjelaginu á medan hann hafdi á hendi embætti sitt. Þá skal og rætt um, hvad gjöra skuli vid peningana.

8. grein.

Hver fjelagsmadur er skyldur ad klaga þá, er hann veit til ad hafi brotid bindindid.

Böðvar Kristjánsson
Benzi Sveinsson
Sigvaldi Stefánsson
Jakob B. O. Möller
[illegible] Thorarensen
Jón Jónsson
Böðvar Jónsson
Magnús Sigurðsson
~~Sigurjón Jónsson~~
~~[illegible]~~
[illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# LÖG

# „ÍÞÖKU“,

lestrarfjelags hins lærða skóla í Reykjavík.

---

1. gr.

Fjelagið heitir »Íþaka«.

2. gr.

Tilgangur fjelagsins er, að efla menntun og fróðleik fjelagsmanna, einkum að auka þekking þeirra á menntunarástandi annara núlifandi þjóða.

3. gr.

Fjelagsmenn eru allir skólapiltar, og öllum kennurum skólans er heimilt að vera í fjelaginu, ef þeir vilja. Hver skólapiltur skal gjalda eina krónu og fimmtíu aura í árstillag, og skal það goldið til gjaldkera fyrir lok októbermánaðar ár hvert. Kennarar ákveða sjálfir árstillag sitt.

4. gr.

Aðalfundur fjelagsins skal haldinn í páskaleyfinu ár hvert. Til aukafundar stefnir fjelagsstjórnin, þegar henni þykir þörf vera. Ágrip af því, sem á fundum gerist, skal rita í fundabók fjelagsins. Á öllum fundum ræður meiri hluti atkvæða.

5. gr.

Í stjórnarnefnd fjelagsins eru sex forstöðumenn, auk gjaldkera fjelagsins, og skal velja þá alla á aðalfundi ár hvert.

Stjórnarnefndin kýs formann úr sínum flokki. Gjaldkeri skal helzt vera kennari, ef kostur er, en eigi er kennari skyldur að taka móti kosningu. Hin fráfarandi forstöðunefnd skal komast eptir því fyrir aðalfund, hvort nokkur kennari er fáanlegur til að taka að sjer gjaldkerastörf. Allir fjelagsmenn eru kjörgengir í stjórnarnefndina, en þó skal eigi ætla kennurum annað starf en gjaldkerastarf, og er kennari kjörgengur til þess, þótt eigi sje hann fjelagsmaður, sje hann fáanlegur til þess. Stjórnarnefndin hefir á hendi allar framkvæmdir fjelagsins, ræður bókakaupum og bókasölu. Þeir, sem í nefndinni eru, að undanskildum gjaldkera, hafa umsjón með lestrarsalnum og bókasafninu og standa fyrir útláni af bókasafni fjelagsins. Gjaldkeri hefur á hendi alla fjárvarðveizlu fjelagsins, annast um fjárheimt-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess og skuldagreiðslu. Fyrir starfa sinn fær hver forstöðumaður fjögra króna þóknun.

6. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðunarmenn fyrir ár það, sem í hönd fer, skulu þeir báðir vera af kennara flokki, ef kostur er, og eru kennarar kjörgengir til þess, þótt eigi sjeu þeir fjelagsmenn. Skal gjaldkeri fá þeim í hendur nákvæman reikning yfir tekjur og útgjöld fjelagsins með tilheyrandi fylgiskjölum. Sömuleiðis skal formaður stjórnarnefndarinnar fá þeim í hendur skrá yfir bókaeign fjelagsins með skýrslu um, hverjar bækur hafi verið seldar og keyptar, eða gefnar fjelaginu. Öll þessi skjöl skulu þeir hafa fengið í hendur eigi síðar en viku fyrir aðalfund, en þá skulu þeir hafa endurskoðað reikninginn og bækur fjelagsins, hvort heima standi við skrána. Reikninginn með athugasemdum yfirskoðunarmanna svo og skriflega skoðunargjörð þeirra á bókasafninu skal leggja fram á aðalfundi, sem leggur úrskurð á tillögur endurskoðunarmanna.

7. gr.

Fje því, er fjelagið ræður yfir, skal verja til þess að kaupa fyrir fróðlegar bækur og rit, einkum tímarit, blöð, skáldskaparrit forn og ný og allt það annað, sem stutt getur að tilgangi fjelagsins, og þar að auki til þóknunar handa forstöðumönnum fjelagsins. Varast skal að kaupa þær bækur eða þau rit, sem til eru í skólabókasafninu, eða von er um, að það muni kaupa.

8. gr.

Fjelagið hefir lestrarsal í bókhlöðu skólans. Skal hann standa opinn til lesturs á helgidögum og leyfisdögum frá kl. 11 f. m. til kl. 2. e. m., og frá kl. 4—7 e. m., og kl. 8—10 e. m. Sunnudaga þá, er bænir eru haldnar í skólanum, er lestrarsalur auðvitað ekki opnaður fyr en bænum er lokið, og þegar kirkjuganga er, fellur tíminn frá kl. 11 f. m.—2 e. m. burt. Lestrarsalnum skal lokað aðfangadagskvöld, hinn fyrsta dag hinna þriggja stórhátíða, nýársdag og gamlárskvöld, ennfremur í páskaleyfinu fram að aðalfundi.

9. gr.

Forstöðumenn skulu skiptast á um að hafa umsjón í lestrarsalnum, og skal hver þeirra hafa þar umsjón á hendi þann tíma, er hann hefir tekið hana að sjer, nema hann komi sjer saman um verkaskipti við einhvern af þeim, sem í nefndinni eru. Skal hver þessara pilta vera við í lestrarsalnum allan



þann tíma, sem hann á að hafa umsjón á hendi, og má eigi fara burt nema í brýnni nauðsyn, og þó svo, að hann setji annan áreiðanlegan pilt í sinn stað fyrir umsjónarmann, meðan hann er í burtu. Piltur sá, er umsjón hefur í salnum í hvert skipti, skal leggja fram allar þær bækur og rit, sem frammi eiga að liggja í lestrarsalnum, sjá um, að enginn hafi neitt af ritum þessum brott með sjer, eða skemmi neitt, eða taki ritin úr umbúðum þeim, er þau eru höfð í. Tíu mínútum áður en salnum verður lokað í hvert skipti, skal hann taka saman allar bækur og blöð, og raða þeim í skáp þann, er til þess er ætlaður. Einnig skal hann sjá um, að enginn hafi svo hátt í lestrarsalnum, að hann fipi fyrir eða glepji þá sem lesa. Hann skal og sjá um, að enginn brjóti neitt móti almennri skólareglu í salnum.

10. gr.

Leggja skal fram í lestrarsalnum tímarit og blöð og önnur þau rit, er eigi tekur oflangan tíma í einu að lesa. Þegar rit þessi hafa legið hæfilega lengi frammi, getur formaður stjórnarnefndarinnar skipt um þau og önnur rit, sem eigi hafa legið frammi, og svo koll af kolli. Skal formaður hafa bók, er í skal rita allar þær bækur, er lagðar eru fram í lestrarsalnum, og svo hvenær þær eru framlagðar, og hvenær teknar burtu. Einnig skulu þar vera til taks orðabækur yfir mál þau, er bækur þær og rit eru á, er frammi liggja, og hjálparrit almenns efnis (Conversations-Lexikon, almenn bókmenntasaga o. s. frv.), svo fljótt sem fjelagið getur útvegað sjer bækur þessar.

Forstöðunefndin ræður því, hver rit lögð eru fram í lestrarsalnum og hver geymd eru í bókasafninu.

11. gr.

Enginn piltur getur fengið rit til láns af lestrarsalnum, en lána má þau kennurunum þá daga, er lestrarsalur er eigi opinn, og skulu þeir hafa skilað þeim fyrir næsta leyfis- eða helgi-dag.

12. gr.

Bækur þær og rit, sem frammi hafa legið í lestrarsalnum, og eigi þykir ástæða til að leggja til bókasafnsins, skal nefndin selja á þann hátt, er hún álítur haganlegast fyrir sjóð fjelagsins.

13. gr.

Forstöðumenn sjá um, að bækur fjelagsins sjeu vel geymdar og í góðu standi. Bókaútlán skal vera þrisvar í viku, á þriðjudögum, fimtudögum og laugardögum kl. 3½—4 eptir hádegi. Rita skal nöfn lántakanda og titil lánaðra bóka í bók, svo og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lánsdag og skiladag. Enginn fjelagsmaður má fá fleiri bindi að láni í senn en tvö, og eigi halda neinni bók lengur en tvær vikur, en haldi nokkur lengur, þá varðar það 10 aura sekt fyrir hvern skiladag, sem liðinn er fram yfir ákveðinn tíma. Þó má lengja lán um aðrar tvær vikur, ef enginn biður um bók þá, sem í láni er, á þeim tveim vikum, sem hún er fyrst í láni, og skal lántakandi þó koma með bókina að ákveðnum skiladegi og æskja þess að lánið verði lengt. Forstöðumenn skulu geta þess í lánsbók, ef einhver biður um að sitja fyrir að fá bók, sem í láni er, næst þegar henni verður skilað. Öllum bókum, sem í láni eru, skal skilað fyrir lok maímánaðar, og hættir þá bókalán í júnímánuði. Ef einhver skemmir eða týnir bókum fjelagsins, skal hann greiða fullar skaðabætur eptir mati forstöðumanna. Forstöðumenn annast um, að þessum reglum sje nákvæmlega hlýtt.

14. gr.

Nú er enginn af stjórnarnefndarmönnum heimilisfastur í Reykjavík, þá skal nefndin fá mann til að gæta bókasafnsins í sumarleyfinu. Skal honum heimilt að lána bækur fjelagsmönnum og skal það allt rita í bók.

15. gr.

Nú vill einhver breyta lögum þessum eða við þau auka, og skal hann þá fá forstöðunefndinni tillögu sína skriflega, en hún auglýsa hana á auglýsingatöflu skólans, viku fyrir aðalfund. Skal þá kosin fimm manna nefnd til að íhuga tillöguna. Ef meiri hluti nefndarinnar samþykkir tillöguna, skal bera hana undir aukafund, ella fellur hún.

En álíti stjórnarnefndin brýna nauðsyn til bera að endurskoða lögin í heild sinni, getur hún stefnt til aukafundar, og skal þar velja fimm manna nefnd til endurskoðunar, og skal leggja tillögur þeirrar nefndar undir almennan fund, en auglýsa þær viku fyr. Nái tillögur til lagabreytinga eigi tveim þriðju atkvæða á fundi eru þær fallnar.

Nái þessi lög samþykki yfirstjórnenda skólans, er framvegis engin lagabreyting gild, nema yfirstjórnin gefi henni samþykki sitt.

* * *

*Lög þessi fyrir »Íþöku«, lestrarfjelag hins lærða skóla í Reykjavík, staðfestum við hjer með.*

*Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 7. maí 1888.*

**E. Th. Jónassen. P. Pjetursson.**

Prentsmiðja Ísafoldar, 1888.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur